

Geðhjálp
Borgartúni 30,
105 Reykjavík

Reykjavík, 24.apríl 2018

Svar við erindi um tilfærslu þjónustu frá Geðheilsu-Eftirfylgd til geðheilsuteymis fyrir vesturhluta Reykjavíkur.

Stofnun geðheilsuteyma er í samræmi við stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum sem samþykkt var á Alþingi 2016. Markmiðið er að fólk sem glímir við geðraskanir fái samþætta og samfellda þjónustu og hafi aðgang að þverfaglegu teymi heilbrigðis- og félagsþjónustu í nærumhverfi sem komi að greiningu og meðferð.

Hvernig tilfærslu þjónustunnar verður háttáð út frá sjónarhóli notenda. Óskað er eftir upplýsingum um ástæður þess að upplýsingum um breytingarferlið hefur ekki verið miðlað til notenda GE.

Geðheilsuteymi vestur mun verða til húsa að Skúlagötu 21. Ráðgert er að þetta teymi taki yfir starfsemi Geðheilsu – Eftirfylgdar(GE). Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) hefur frá því í byrjun árs óskað eftir upplýsingum um notendur GE svo að hægt væri að upplýsa þá um fyrirhugaðar breytingar. HH hefur fundað með forstöðumanni GE og óskað eftir að fá að funda með hverjum og einum notenda til að meta stöðu hvers og eins og þjónustupörf. Einnig hefur HH sett fréttatilkynningu á heimasíðu sína til að upplýsa um fyrirhugaðar breytingar. Gert er ráð fyrir aðlögunartíma þar sem notendur koma í matsviðtal ásamt sínum meðferðaraðila í GE og kynnist meðferðaraðilum í nýju teymi. Miðað er við að þeir notendur GE sem metnir eru í þörf fyrir þjónustu geðheilsuteymisins verði komnir þar í fulla þjónustu í síðasta lagi 1.september 2018. Þjónusta nýju geðheilsuteymanna mun verða einstaklingsmiðuð og veitt af þverfaglegu teymi sem mun hafa á að skipa geðlækni, sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingum, félagsráðgjafa, iðjupjálfa, fjölskyldumeðferðarfræðingi, sjúkraliða og heilsuráðgjafa þegar teymið verður fullskipað. Gerður verður meðferðarsamningur við hvern og einn, þar sem notandi og fagaðili koma sér saman um innihald þjónustunnar. Gert er ráð fyrir að notendur geti sótt þjónustuna í húsnæði geðheilsuteymis, en einnig verður boðið upp á heimavitjanir, ef þörf er á.

Verkáætlun um breytingarferlið.

Þann 1. maí n.k. fær HH afhent húsnæðið að Skúlagötu 21. Verið er að auglýsa eftir starfsfólki í teymið. Búið er að funda með forstöðumanni GE og fleiri fundir eru á dagskrá til að undirbúa yfirtöku þjónustunnar.

Á næstu vikum og mánuðum verður boðið upp á viðtöl við alla skráða notendur sem nú eru í þjónustu GE og þörf þeirra fyrir þjónustu metin, byggt á þörfum hvers og eins, ásamt upplýsingum frá fagfólki GE.

Geta þjónustubegar í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu nýtt sér þjónustu geðheilsuteymisins ?

Samfélagsgeðþjónusta byggir á þeirri meginhugmynd að notendur fái þjónustu og séu kynntir fyrir úrræðum á sínu íbúasvæði. Höfuðborgarsvæðinu verður þannig deilt upp í þrjú álíka fjölmenn íbúasvæði, byggt á póstnúmerum. Teymin þrjú munu bjóða upp á sambærilega þjónustu.

Geðheilsuteymi vestur mun sinna Reykjavík og Seltjarnarnesi og er ætlað að þjónusta fólk á íbúasvæðinu sem nær til póstnúmeranna 101-108 og 170. Meginreglan er sú að notendur sækji þjónustu starfandi geðteymi á sínu íbúasvæði.

Miðað við fjárlög á þessu ári til geðheilsuteymanna verður ekki unnt að fara af stað með fullmannað teymi en gert er ráð fyrir að með fjárveitingu næsta árs verði það hægt.

Árið 2019 er svo miðað við að þriðja geðheilsuteymið taki til starfa fyrir Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.

Hvernig jafningjastuðningi innan geðheilsuteymis verður háttáð ?

Geðheilsustöð Breiðholts, sem verður nú að Geðheilsuteymi austur, hefur góða reynslu af því að hafa fyrrum notendur þjónustunnar í vinnu sem liðveitendur og munu starfsmenn með notendareynslu verða ráðnir í ný teymi. Eftir á að skilgreina hvernig aðkomu fulltrúa notenda og jafningjastuðningi verður háttáð í nýju teyminum, en þeirra aðkoma verður tryggð þar. Geðheilsuteymin hafa áhuga á því að efla jafningjastuðning og auka áhrif notenda á þjónustuna og vænta góðrar samvinnu við Geðhjálp og aðra aðila á þeim vettvangi.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins


Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri